

Skíðafélag Dalvíkur
Brekkuseli
620 Dalvík

Vestmannaeyjum 28. janúar 2019
UST201812-127/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Böggvisstaðafjall

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Skíðafélags Dalvíkur, dagsett 14. desember 2018, um leyfi til framkvæmda á skíðasvæðinu innan fólkvangsins í Böggvisstaðafjalli.

Böggvisstaðafjall er friðlýst sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 265/2011. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf í fólkvanginum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Allar framkvæmdir í fólkvanginum eru háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun en svæðið er skipulagt til almennrar útivistar.

Lýsing verkefnis:

Framkvæmdin er í tveimur liðum. Annars vegar er óskað eftir leyfi til tilfærslu á aðstöðuhúsi í Böggvisstaðafjalli. Í húsinu er rafmagnsinntak fyrir allt rafmagn á efra skíðasvæðinu og línur fyrir tímatöku í fjallinu liggja að tímatökuaðstöðu sem er í húsinu. Undirstöður eru að gefa sig undri húsinu og ef ekkert verður að gert getur það hrúnið eða fokið. Ekki er unnt að laga undirstöðurnar og stendur til að færa húsið hálfa aðra breidd sína til norðausturs. Hins vegar er um að ræða grjóthreinsun og landbreytingu á þremur svæðum á skíðasvæðinu. Framkvæmdasvæði eitt er norðan við neðri lyftuna og afmarkast af þriðja lyftumastri að því sjöunda. Ráðgert er að fjarlægja stórgrýti grjót af svæðinu til þess að geta notað svæðið fyrir skíðabrekku. Grjótið fer sjaldan undir snjó og aldrei nóg til að þar sé örugg skíðaleið. Ekki verður hjá því komist að fara um svæðið á beltagröfu eða vél með ámoksturstækjum ásamt tæki til að fjarlægja grjótið. Farið verður um svæðið með gát og notast við slóða sem á árum áður voru notaðir við vinnu við þáverandi aðstöðu skíðasvæðisins. Ef hreinsun á stórgrýtinu dugar ekki til stendur til að fara í frekari framkvæmdir til landbreytinga á svæðinu sem fælist í því að slétta hóla og mishæðir niður í lautir á svæðinu. Framkvæmdasvæði tvö er neðsti hluti skíðasvæðisins en þar þarf að færa til jarðveg neðst á skíðasvæðinu, beggja vegna lyftumastra frá þriðja lyftumastri niður að endastöð lyftunnar. Aðrennsli að neðri lyftu úr suðri og úr norðri frá barnabrekku batnar til mikilla muna fyrir börn og byrjendur og eykur öryggi gesta á svæðinu. Þriðja framkvæmdasvæðið er 100 metra ofan við þar sem Lyftu- og Skálabrekka mætast í efri brekku. Svæðið sem um ræðir er sunnan annars lyftumasturs í efri lyftunni. Vinna við landbreytingar verður framkvæmdur með beltagröfu, jarðýtu eða sambærilegu tæki ásamt tækjum til að fjarlægja umframjarðveg af svæðinu. Framkvæmdatími er áætlaður á árunum 2019-2021. Framkvæmdasvæðið er skipulagt sem skíðasvæði skv. aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur líklegt að nokkuð rask verði vegna framkvæmdarinnar, einkum vegna landbreytinga sem til stendur að fara í. Raskið telst þó ásættanlegt í ljósi þess að ekki er verið að leggja ný svæði undir skíðaiðkun og því er rask innan áhrifasvæðis núverandi skíðasvæðis. Framkvæmdirnar eru að öllu leiti í samræmi við markmið friðlýsingarinnar og samræmast þeirri landnýtingu sem skilgreind er í aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar og hefur fest rætur innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun telur æskilegt að skíðasvæðið verði afmarkað með skýrum hætti.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir tilfærslu á aðstöðuhúsi, grjóthreinsun og landbreytingum innan skíðasvæðisins í fólkvanginum í Böggvistaðafjalli skv. verklýsingu í umsókn umsækjanda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Bréf þetta skal haft með í för á meðan verkefninu stendur og kynnt fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breytingar verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Framkvæmdir skulu fara fram utan varptíma fugla.
- Leitast skal við að fjarlægja stórgrýti af svæðinu eða grafa það í brautirnar í stað þess að hlaða því upp utan skíðasvæðisins og valda þannig óþarfa raski utan þess.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt,

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Davíð Örvar Hansson

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur